390. Framhaldsnefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1943.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur milli umræðna aflað sér upplýsinga um útlit fyrir tekjuöflun ríkissjóðs á þessu ári.

Tekjuáætlunin af sköttum og tollum er hækkuð frá því, sem nú er í fjárlagafrv., úr 42500000 kr. í 57815000 kr. eða um 15315000 kr. Áætlun tekna af ríkisstofnunum er hækkuð úr 5382000 kr. í 7762000 kr. eða um 2380000 kr. Alls er tekjubálkurinn samtals hækkaður um 17695000 kr. Tekjur ríkissjóðs á árinu 1942 reyndust um 86000000 kr.

Fyrir einstökum tillögum um hækkun tekna mun n. gera nánari grein í framsögu.

Útgjöld þau, sem n. gerir ráð fyrir í þeim till., er hún nú leggur fyrir, umfram lækkanir, nema á einstökum greinum frv. sem hér segir, talið í krónum:

12. gr. Heilbrigðismál	269400
13. gr. Samgöngumál	5589020
14. gr. Kirkju- og kennslumál	676400
15. gr. Vísindi, bókmenntir og listir	53400
16. gr. Verklegar framkvæmdir	1964200
17. gr. Almenn styrktarstarfsemi	8100
18. gr. Eftirlaun og styrktarfé	4162
19. gr. Óviss útgjöld	1750000
Samtals	10414682
Eignabreyting Út á 20. gr.	100000
Rekstrarútgjöld á frv. verða	58951755
Útgjöld samkv. 20. gr.	4069901
Útgjöld samtals á sjóðsyfirliti	63121656

Er þá með talin hækkun á styrk til flóabátaferða samkvæmt tillögum samvinnunefndar samgöngumála, 319020 kr., þó að sú brtt. verði flutt sérstaklega af þeirri n.

Samkvæmt framanskráðu verður rekstrarafgangur 7093245 kr., en greiðslujöfnuður hagstæður á sjóðsyfirliti um 2924000 kr.

Eftir ósk ríkisstjórnarinnar hefur n. tekið upp í 19. gr. 1750000 kr. hækkun á fjárveitingu til greiðslu grunnlaunauppbótar og verðlagsuppbótar á hana, til embættis- og starfsmanna ríkisins á síðari hluta ársins, og hefur ríkisstj. tjáð n., að hún muni leita samþykkis Alþingis um framlengingu fyrir allt árið á heimild þál. frá 28. ágúst 1942, sem þessi upphæð er greidd eftir.

Fyrir öðrum brtt. mun verða gerð nánari grein í framsögu.

Jónas Jónsson óskar þess getið, að hann hefur sérstöðu um niðurstöðu nefndarinnar, að því er kemur til aðgerða í sambandi við versnandi árferði og fáein önnur minni háttar atriði.

Pétur Ottesen, Þorsteinn Þorsteinsson og Sigurður Hlíðar óska fram tekið, að þeir hafi fyrirvara um nokkrar brtt. við 22. gr.

Þóroddur Guðmundsson og Lúðvík Jósefsson taka fram, að þeir telja tekjur of lágt áætlaðar og of lítið lagt fram til ýmissa félags- og menningarmála og verklegra framkvæmda.

Alþingi, 9. febr. 1943.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jónas Jónsson.
Páll Zóphóníasson.	Þorst. Þorsteinsson.	Lúðvík Jósefsson.
Þóroddur Guðmundsson.	Pétur Ottesen.	Sigurður E. Hlíðar.